

Stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

68. fundur

10. maí 2021 kl. 16:15 - 17:15

á skrifstofu sveitarfélagsins

Nefndarmenn

Anton Kári Halldórsson ritari

HjalTI Tómasson formaður

Guðmundur Gíslason aðalmaður

Starfsmenn

Margrét Jóna Ísólfsdóttir

Valtýr Valtýsson sveitarstjóri

Leifur Bjarki Björnsson slökkviliðsstjóri

Lilja Einarsdóttir sveitarstjóri

Guðmundur Gíslason og Valtýr Valtýsson taka þátt í fundi í gegnum fjarfundarbúnað.

1. Brunavarnir Rangárvallasýslu; Rekstraryfirlit jan-apríl 2021

2105030

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fer yfir rekstraryfirlit frá janúar 2021. Rekstur Brunavarna Rangárvallasýslu bs. er í góðu jafnvægi.

2. Brunavarnir Rangárvallasýslu; Uppgjör nýbyggingar á Hellu

2105031

Margrét Jóna Ísólfsdóttir fer yfir endanlega stöðu kostnaðar vegna nýbyggingar slökkvistöðvar á Hellu. Heildarkostnaður stendur í 108.750.000 kr. Stjórn lýsir yfir ánægju með framkvæmdina og að hún hafi staðist allar áætlanir.

3. Eldvarnareftirlit 2020; Rangárþing eystra

2011058

Farið yfir áfallinn kostnað vegna eldvarnareftirlits sem Rangárþing eystra hefur sinnt. Tillaga er um að uppgjör fari fram fyrir áramót, fyrir árin 2017, 2018, 2019, 2020 og 2021. Áætlaður kostnaður fyrir hvert ár, er um 800.000 kr. Samþykkt samhljóða.

4. Brunavarnir Rangárvallasýslu; Drög að ársreikningi 2020

2105033

Ársreikningur fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. er enn í vinnslu og verður lagður til samþykktar fyrir stjórn á næsta fundi sem jafnframt verður ársfundur. Formanni falið að leyta tilboða í endurskoðun ársreiknings og leggja fram til kynningar á næsta fundi.

5. Brunavarnir Rangárvallasýslu; Brunavarnaráætlun

2105034

Leifur Bjarki slökkviliðsstjóri fer yfir stöðu á vinnu við gerð brunavarnaráætlunar fyrir Brunavarnir Rangárvallasýslu bs. Vinnunni miðar vel og stefnt er að því að hún verði lögð fyrir stjórn Brunavarna Rangárvallasýslu bs. og hlutaðeigandi sveitarstjórnir til kynningar í júní 2021. Áætlað er að áætlunin taki gildi í janúar 2022.